Alþingi
Erindi nr. Þ /135/1828
komudagur 14. 3. 2008

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Selfossi, 13. mars 2008
*0803027*

Alþingi - menntamálanefnd

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Á fundi bæjarráðs í dag 13. mars var tekin fyrir ósk um umsögn – þingsályktun um stofnun háskólaseturs á Selfossi 343. mál.

Eftirfarandi var bókað:

*Bæjarráð Árborgar fagnar framkominni þingsályktunartillögu um stofnun háskólaseturs á Selfossi og hvetur til þess að hún verði samþykkt.*
*~~Efling háskólanáms á Suðurlandi er frumforsenda áframhaldandi þróunar á öllum sviðum~~ samfélagsins. Á þeim stöðum á landinu þar sem háskólasetur hafa verið sett á fót hefur háskólastarfsemi stóraukist og fjöldi þeirra sem stunda nám og rannsóknir á viðkomandi svæðum fjölgað mjög. Því er það Sunnlendingum lífsnauðsyn að strax verði komið á fót háskólasetri á Selfossi sambærilegu og annarsstaðar þar sem þau hafa verið stofnsett.*

Tilkynnist það hér með

Virðingarfyllst,

Rósa Sif Jónsdóttir

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari bæjarstjóra